

28. desember 1976.

307

Nr. 101.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar greinar laganna falla úr gildi við gildistöku laga þessara:

2. og 3. mgr. 123. gr., 182. gr. og 224. gr.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsg. svofelld:

Ákvæði 1. mgr. má beita um verknað manns, sem er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi.

3. gr.

39. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fullnustu varðhalds- og fangelsisrefsinga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsítímann vistaður á sjúkrahúsi eða annarri stofnun, þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsuhaga hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

4. gr.

49. gr. orðist svo:

Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

Dæma má fésektir jafnframt refsivist, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum.

5. gr.

50. gr. orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 5 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

6. gr.

51. gr. orðist svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin, skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þ. á m. framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum, er orka á greiðslugetu hans.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til greiðslugetu sakbornings, sem um ræðir í 1. málsg. r.

7. gr.

53. gr. orðist svo:

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í stað hennar varðhald eða fangelsi, nema háttsemi sé manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin.

8. gr.

4. málsg. 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., er hefst á orðunum „Nú er heimilt að dæma . . .“ fellur niður.

9. gr.

Á eftir 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., kemur ný grein, 57. gr. a svofelld:

Heimilt er að kveða svo á í dómi, að hluti af refsivist, verði óskilorðsbundinn, allt að 3 mánuðir, en aðrir hlutar refsivistar verði skilorðsbundnir. Heimilt er, þegar svona stendur á, að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggji ekki við broti. Heimilt er að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu en skilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Dæma má fésekt í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggji ekki við broti, sem dæmt er út af.

10. gr.

1. málsg. 95. gr., sbr. lög 47/1941, orðist svo:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, ef miklar sakir eru.

11. gr.

Við 1. málsg. 106. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Beita má sektum, ef brot er smáfellt.

12. gr.

142. gr. orðist svo:

Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Hafi skýrsla verið heitfest skal virða það refsingu til þyngingar.

Sé skýrsla röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að kanna, má beita sektum eða varðhaldi.

13. gr.

2. málsg. 143. gr. orðist svo:

Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem í 1. málsg. 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður og jafnvel láta hana falla niður, ef málsbætur eru.

14. gr.

145. gr. orðist svo:

Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 2 árum, ef sök er stórfelld.

15. gr.

Í 1. málsgr. 148. gr. falli niður þessi málsliður:

„Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið.“

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1977 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatækjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.